

# Aðalfundur 2011

Aðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna  
haldinn í Menningarhúsinu á Dalvík fimmtudaginn 12. maí 2011 kl 17:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
2. Reikningsuppgjör s.l. árs.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning formanns, tveggja aðalmanna í stjórn og eins varamanns.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs.
6. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld.
7. Önnur mál.

## Fundargerð:

Formaður Hulda Björk bauð fólk velkomið og kynnti nýja félag: Björk Ingimundardóttir, Kirkjubæjarklaustri, Guðrún Gísladóttir Álftanesi, Jóhanna Hafliðadóttir, Egilsstöðum, Jóna Símónía Bjarnadóttir, Ísafirði og Rósa Bjarnadóttir, Fjallabyggð. Bað svo hina að kynn sig 26 félagar mættir (2 tilkynntu seinkun). Stungið uppá Hrafn Andrésyni sem fundarstjóra og Margréti Gísladóttur sem fundarritara. Samþykkt. Síðan gegnið til dagkrár.

Dagskrá:

### 1. Skýrsla formanns.

Talaði um fína-vefinn og hvatti fólk til að skrá sig og uppfæra upplýsingar ef þyrfti.

Kynnti þá sem eru í hinum ýmsu starfshópum sem eru ekki endilega tilnefndir í þá, af SFA. Telur nauðsynlegt að setja vinnureglur um þetta og ýmislegt annað eins og gjafir og fl.

Markmið félagsins – vill að fólk skoði það og ræði málið.

Nokkrar fyrirspurnir vegna samnings við póstin.

### 2. Reikningsuppgjör s.l. árs. (Fylgir fundargerðinni)

Pálína Magnúsdóttir gerði grein fyrir reikningum og þeir samþykktir samhljóða.

### 3. Lagabreytingar.

Ein tillaga um lagabreytingu liggur fyrir fundinum frá núverandi stjórn en það er breyting á 10 grein laga samtakanna sem hljóðar þannig:

10. gr.

Samtökunum má slíta ef 2/3 fullgildra féлага samþykkja það á aðalfundi eða aukaaðalfundi og þá renna eignir samtakanna til Bókavarðafélags Íslands.

Breytingartillaga stjórnar:

Stjórn SFA leggur til að í 10 grein laga samtakanna verði orðunum Bókavarðafélags Íslands breytt í Upplýsingar : Félags bókasafns- og upplýsingafræða.

Ný grein hljóði þá þannig:

10. gr.

Samtökunum má slíta ef 2/3 fullgildra féлага samþykkja það á aðalfundi eða aukaaðalfundi og þá renna eignir samtakanna til Upplýsingar : Félags bókasafns- og upplýsingafræða.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Kosning formanns, tveggja aðalmanna í stjórn og eins varamanns.

Stjórn leggur til að Vesturland og Snæfellsnes skipi næstu stjórn Samtakanna Sunna Njálisdóttir, Grundarfirði, verði formaður

og aðrir í stjórn:

Halldóra Jónsdóttir, Akranesi

Ragnheiður Óladóttir, Stykkishólmi og

Sævar Ingi Jónsson, Borgarnesi

Samþykkt samhljóða.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs.

Stjórn leggur til að núverandi skoðunarmenn reikninga. Þau Erla Kristín Jónasdóttir, Borgarbókasafni, og Óskar Guðjónsson, Borgarbókasafni, verði endurkjörin.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld.

Farið yfir áætlunina og stungið upp á sama árgjaldi kr. 7.500. Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

Fundarstjóri bað þá sem eru í starfshópum að koma og kynna sín mál.

Barbara Guðnadóttir, í starfshópi um upplýsinga og kynningarsíðu á netinu í tengslum við samþætta leitargátt. Verið er að skoða samfélagsvefi, hugmynd t.d. um Facebook- síðu fyrir öll söfnin að setja sjálf inn upplýsingar um viðburði.

Upplýsingarnar þar kæmu svo í ramma á samþætту leitargáttinni sjálfvirk. Ýmis praktísk atriði sem þarf að leysa.

Landskerfi vill vinna þetta með okkur.

Umræður urðu. Hulda Björk leggur til að hópurinn sendi stjórn skýrslu um stöðu málsins.

Hulda Björk kynnti skýrslu Málfríðar Finnbogadóttur sem var fulltrúi við undirbúning Bókasafnsdagsins þann 14. apríl 2011. Allir ánægðir með daginn og klappað fyrir Upplýsingu og þeim sem stóðu að undirbúningi hans.

Pálína Magnúsdóttir, frá tónlistarhópnum sagðist taka það á sig að þau hefðu ekki komið saman á fund ennþá.

Margrét Sigurgeirsdóttir sagði frá ímyndarhópnum hjá Upplýsingu. Telur að Bókasafns- og upplýsingafræðingur sé of langt starfsheiti. Upplýsingafræðingur gæti verið "regnhlífarheitið", en síðan væri hægt að nota viðbætur eftir vinnu viðkomandi. Vilja leggja þetta undir SBU og félagi í Upplýsingu.

Nokkrar umræður urðu. Lagalega er okkur heimilt að kalla okkur annað hvort eða bæði.

Marta Hildur sagði frá grein sinni sem send var í Sveitarstjórnarmál, en hefur ekki verið birt ennþá og las upp svarbréf frá ritstjóra blaðsins.

Spurt var hvort einhver hefði fengið erindi um umsögn um skólasöfn í nýjum grunnskólalögum. Umræður – fáir kannast við málið.

Fundarstjóri bað fundarmenn um að ræða um félagið og hvort við ættum að vera saumaklúbbur eða ...

Hólmkell lýsti ánægju með að vofundurinn snerist um að fræða okkur og faglega umræðu.

Pálína lagði til að við ættum að einbeita okkur að styrkja hvort annað og fræða. Styrkja frekar Upplýsingu til góðra verka.

Hulda Björk talaði um verkefni sem höfðu dagað uppi. Minnti í því sambandi á Vefbókasafnið, sem ekki tækist að leggja niður.

Hún leggur til að við sem félagsskapur styrkjum okkur sjálf, leggjum áherslu á endurmenntun, erlend samskipti, styrkjum fólk til að komast á ráðstefnur, sem miðla síðan til okkar hinna. Alltaf möguleiki á að starfa saman að ákveðnum málum, þá bara sem söfn en ekki samtökin sem slík.

Hrafn var á öndverðum meiði – vill að við eigum að vinna að málum safnanna og lýsti eftir stefnu SFA með tilliti til SBU og Upplýsingar.

Hólmkell styður hugmynd HB og uppbyggingu félaganna sjálfra.

Sunna talaði um hve mikils virði SFA væri fyrir hin minni söfn vítt um land.

Hrafn lýsti ánægju með hin ýmsu mál sem áttu upphaf sitt í SFA; bækur og móðurmál og fl.

Halldóra taldi Aleph-kerfið t.d. hluta af sameiningarkrafti SFA

Margir tóku til máls og lýstu ánægju með fundi SFA og töldu þá algjörlega nauðsynlega.

Umræður urðu um sektir og rafbækur.

Nýkjörinn formaður, Sunna Njálisdóttir, þakkaði traustið og bað fólk að láta vita ef það væri eitthvað sem það vildi láta nýju stjórnina vinna að.

Fundi slitið kl. 19:15

Fundarritari Margrét Gísladóttir

Þátttakendur:

Anna Sigríður Einarsdóttir, Hafnarfirði  
Barbara Guðnadóttir, Ölfusi  
Brjánn Birgisson, Reykjavík  
Dóra Thoroddsen, Reykjavík  
Eyrún Ýr Tryggvadóttir, Húsavík  
Gunnhildur E. Kristjánsdóttir, Hvolsvelli  
Halldóra Jónsdóttir, Akranesi  
Heiðrún Dóra Eyvindardóttir, Árborg  
Hlíf S. Arndal, Hveragerði  
Hólmkell Hreinsson, Akureyri  
Hrafn Harðarson, Kópavogi  
Hulda Björk Þorkeldsdóttir, Reykjanesbæ  
Jóhanna Hafliðadóttir, Egilsstöðum  
Katharina A. Schneider, Blönduósi  
Margrét Aradóttir, Eyjafirði  
Margrét R. Gísladóttir, Grindavík  
Margrét Sigurgeirsdóttir, Kópavogi  
Marta Hildur Richter, Mosfellsbæ  
Oddný H. Björgvinsdóttir, Garðabæ  
Pálína Magnúsdóttir, Seltjarnarnesi  
Ragnheiður Óladóttir, Stykkishólmi  
Rósa Bjarnadóttir, Fjallabyggð  
Sigrún Guðnadóttir, Kópavogi  
Sigurlaug Stefánsdóttir, Dalvík  
Sólveig Arngrímsdóttur, Reykjavík  
Sunna Njálsdóttir, Grundarfirði  
Stefanía Gísladóttir, Kópaskeri  
Þóra Ingólfssdóttir, Blindrabókasafni